

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um húsnæðismál opinberra stofnana.

1. Hefur ríkisstjórnin mótað sér stefnu í húsnæðismálum opinberra stofnana?

Þegar afla þarf húsnæðis fyrir opinberar stofnanir er slík þörf almennt leyst með byggingu, kaupum eða leigu á almennum markaði. Þegar húsnæði er byggt gilda um slíkar framkvæmdir lög nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda, og reglugerð nr. 215/2001, um skipulag opinberra framkvæmda. Þegar húsnæði er keypt eða leigt er það almennt á grundvelli sérstakrar heimildar Alþingis skv. 6. gr. fjárlaga. Á undanförunum árum hefur þeirri stefnu-mörkun verið fylgt að leigja almennt skrifstofuhúsnæði og tiltölulega ósérhæft húsnæði á markaði þar sem því verður við komið. Slík leiga á sér þá stað á samkeppnisgrundvelli í kjölfar auglýsingar þar sem óskað er eftir tilboðum í leigu fullbúins húsnæðis samkvæmt nánari lýsingu. Slík leiga hefur komið vel út að mati ráðuneytisins og byggist á því að kröfur og þarfir sem húsnæðið þarf að uppfylla séu vel skilgreindar í upphafi og að leigusalinn sjái alfarið um aðlögun og innréttingu á fasteigninni til að uppfylla þarfir leigjandans. Sem dæmi um slíkt húsnæði má taka húsnæði eftirtalinnna: ríkislögreglustjóra, Héraðsdóms Reykjaness, sýslumannsins í Kópavogi, Héraðsdóms Vestfjarða, Brunamálastofnunar, Heilsugæslunnar í Spönginni, Heilsugæslunnar í Voga- og Heimahverfi, tveggja heilsugæslustöðva í Kópavogi, Landbúnaðarstofnunar á Selfossi og Fiskistofu í Hafnarfirði.

Þeirri stefnu hefur verið fylgt á undanförunum árum varðandi fasteignir sem þegar eru í eigu ríkisins að færa eins mikið og unnt er af þeim til Fasteigna ríkissjóðs til umsjónar og umsýslu. Fasteignir ríkissjóðs er sérstök stofnun í A-hluta ríkissjóðs sem tekur til umsýslu og umsjónar þau mannvirki í ríkiseigu sem ríkið afhendir stofnuninni. Stofnunin sérhæfir sig í rekstri og viðhaldi bygginga og mannvirkja og byggir starfsemi sína á því að innheimta leigutekjur af notendum sem standa undir rekstri og venjulegu viðhaldi eignarinnar. Markmið ríkisins með þessari stefnu er að sem mest af húsnæði í eigu ríkisins verði í umsýslu aðila sem hefur sérþekkingu á viðhaldi og rekstri fasteigna og tryggi þannig að vel og faglega sé staðið að þessum málum. Á síðasta ári leigðu Fasteignir ríkissjóðs út um 340 þús. m² húsnæðis til um 240 leigjenda sem er rúmlega þreföldun á fermetrafjölda frá árinu 1998. Þrátt fyrir að starfsemi Fasteigna ríkissjóðs hafi eflst mikið á síðustu árum og einstök ráðuneyti nýti sér þessa þjónustu í auknum mæli er þó enn nokkuð um að einstakar stofnanir sjái sjálfar um húsnæði sitt og beri ábyrgð á rekstrar- og viðhaldsmálum. Þannig hafa t.d. heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti kosið að láta stofnanir sínar að mestu leyti sjá um þennan þátt mála en dómsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti hafa hins vegar tekið ákvörðun um að færa flestar af þeim fasteignum sem heyra undir þau til Fasteigna ríkissjóðs til umsýslu.

2. Hvaða opinberu stofnanir leigja húsnæði af einkaaðilum undir starfsemi sína?

Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytunum leigja eftirtaldar stofnanir ríkisins húsnæði af einkaaðilum að hluta eða öllu leyti undir starfsemi sína. Í sumum tilvikum leigir stofnun húsnæði af einkaaðilum undir meginstarfsemi sína en öðrum tilvikum er hún í húsnæði í eigu

ríkisins en leigir viðbótarhúsnæði, t.d. geymsluhúsnæði eða útibú frá starfseminni á almennum markaði.

Æðsta stjórn ríkisins	Alþingi Umboðsmaður Alþingis
Forsætisráðuneytið	Skrifstofa umboðsmanns barna Ríkislögmaður Óbyggðanefnd Skrifstofa Þingvallanefndar
Menntamálaráðuneyti	Fjölbrautaskóli Suðurlands Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu Kvennaskólinn í Reykjavík Háskóli Íslands Landsbókasafn Menntaskólinn á Egilsstöðum Ríkisútvarpið Sinfóníuhljómsveit Íslands Verkmenntaskólinn á Akureyri Fjölbrautaskólinn við Ármúla Framhaldsskólinn á Laugum Fjölbrautaskóli Snæfellinga Háskólinn á Akureyri Iðnskólinn í Hafnarfirði Iðnskólinn í Reykjavík Íslenski dansflokkurinn Kennaraháskóli Íslands Kvikmyndamiðstöð Íslands Listasafn Íslands Verkmenntaskólinn á Akureyri Þjóðleikhúsið
Útanríkisráðuneyti	Þróunarsamvinnustofnun Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli Sendiráð (skrifstofur og starfsmannabústaðir)
Landbúnaðarráðuneyti	Veiðimálastofnun Landgræðsla ríkisins Hagþjónusta landbúnaðarins Framleiðnisjóður landbúnaðarins Landbúnaðarstofnun Skógrækt ríkisins Landshlutabundin skógrækt
Sjávarútvegsráðuneyti	Hafrannsóknastofnunin Fiskistofa SRA

Verðalagsstofa skiptaverðs

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Héraðsdómur Vestfjarða
 Héraðsdómur Norðurlands vestra
 Héraðsdómur Reykjaness
 Ríkissaksóknari
 Ríkislögreglustjóri
 Lögregluskóli ríkisins
 Lögreglustjórinn í Reykjavík
 Landhelgisgæslan
 Sýslumaðurinn á Patreksfirði
 Sýslumaðurinn á Eskifirði
 Sýslumaðurinn á Höfn
 Sýslumaðurinn í Vík
 Sýslumaðurinn í Keflavík
 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Félagsmálaráðuneyti

Ráðuneytið, aðalskrifstofa
 Barnaverndarstofa
 Fjölmenningarsetur
 Íbúðalánasjóður
 Jafnréttisstofa
 Ráðgjafastofa um fjármál heimilana
 Ríkissáttasemjari
 Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík
 Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi
 Vinnumálastofnun

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Heilsugæslustöð Garði
 Heyrnar- og talmeinaustöð Íslands
 Heilsugæslustöð í Mosfellsbæ
 Sjónstöð Íslands
 Heilsugæslustöð Grafarvogi
 Heilsugæslustöð Sandgerði
 Heilsugæslustöð Suðureyri
 Heilsugæslustöð Súðavík
 Landlæknisembættið
 Heilsugæslustöð Salahverfi Kópavogi
 Heilsugæslustöð Voga- og Heimahverfi
 Heilsugæslustöð Hafnarfirði, miðbæ
 Heilsugæslustöð Kópavogi, miðbæ
 Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, stjórnsýsla
 Heilbrigðisráðuneytið, aðalskrifstofa

Fjármálaráðuneyti

Fasteignir ríkissjóðs
 Tollstjórinn í Reykjavík
 Fasteignamat ríkisins Egilsstöðum

Samgönguráðuneytið	Ferðamálastofa Flugmálastjórn Vegagerðin (þjónustumiðstöð Suðvestursvæðis) Póst- og fjarskiptastofnun Rannsóknarnefnd flugslysa Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	Fjármálaeftirlitið Byggðastofnun
Umhverfissráðuneyti	Brunamálastofnun Landmælingar Íslands Náttúrufræðistofnun Íslands Umhverfisstofnun Úrvinnslusjóður Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

3. Hefur þeim fjölgað frá árinu 1995?

Með hliðsjón af þeirri stefnu ríkisins að leigja almennt skrifstofuhúsnæði og ósérhæft húsnæði, sbr. svar við 1 tölul. hér að framan, þá er ljóst að talsverð aukning hefur orðið á leigu slíks húsnæðis á almennum markaði frá árinu 1995. Í þessu sambandi er hins vegar rétt að benda á að á tímabilinu hefur að sama skapi orðið minna um að ráðuneyti og ríkisstofnanir byggi almennt skrifstofuhúsnæði og ósérhæft húsnæði.